

Fundargerð 339. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg og í beinu streymi
Fundardagur: Þriðjudagur 21. apríl 2026
Fundartími: 17:00-18:00
Fundarmenn: Árni Eiríksson, oddviti
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri
Walter Fannar Kristjánsson
Harpa Magnúsdóttir
Hjalti Guðmundsson

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

1. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 323, dags. 15.04.2026

a) Hólshús (L165488); byggingarleyfi; fjárhús mhl 05 – breyting á notkun í íbúðarrými – 2602078

Móttekin var umsókn þann 24.02.2026 um byggingarleyfi að stækka og breyta notkun á fjárhúsum mhl 05 í íbúðarrými á jörðinni Hólshús (L165488) í Flóahreppi. *Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að málið fái málsmeðferð á grundvelli 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ekki verði gerð krafa um grenndarkynningu vegna málsins þar sem um svo óveruleg frávík sé að ræða að hagsmunir nágranna skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn. Málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa. Skipulagsnefnd UTU hvetur landeigendur til að gera deiliskipulag ef kemur til frekari uppbyggingu.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða umsókn um byggingaleyfi til að stækka og breyta notkun á fjárhúsum mhl 05 í íbúðarrými á jörðinni Hólshús L165488. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Sveitarstjórn fer ekki fram á grenndarkynningu vegna málsins þar sem um svo óveruleg frávík er að ræða og telur sveitarstjórn hagsmuni nágranna að engu skerðast hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn. Sveitarstjórn samþykkir að vísa málinu til afgreiðslu byggingarfulltrúa. Sveitarstjórn hvetur hvetur landeigendur til að vinna deiliskipulag ef frekari uppbygging eru áformuð á landinu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Svarfhólsvöllur L166322; Hliðrun og stækkun byggingarreits; Deiliskipulagsbreyting – 2604001

Lögð er fram tillaga deiliskipulagsbreytingar sem tekur til Svarfhólsvallar L166322 í Flóahreppi. Í breytingunni felst að byggingarreitur stækkar og hliðrast til en fyrirhugað er að byggja þar aðstöðuhús. *Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja viðkomandi breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Svarfhólsvallar L166322 og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 3. mgr. 43. gr.

skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Sveitarstjórn fer ekki fram á grenndarkynningu þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins annar en umsækjandi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Merkurlaut 3 L166422; Merkurlaut 3B ;Stofnun lóðar – 2604002

Lögð er fram umsókn ásamt merkjalýsingu dags. 31.03.2026, skv. reglugerð um merki fasteigna 160/2024, er varðar stofnun nýrrar lóðar. Óskað er eftir að stofna lóðina Merkurlaut 3B úr lóðinni Merkurlaut 3, L166422

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki erindið.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við framlagða merkjalýsingu vegna stofnunar lóðarinnar Merkurlaut 3B úr lóðinni Merkurlaut 3.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

2) Afgreiðslur byggingarfulltrúa 248, dags. 08.04.2026

Lagðar fram til kynningar.

3) Lega reiðveggar við Önundarholtsveg

Fyrir liggur ósk frá Vegagerðinni um breytingu á legu reiðveggar meðfram Önundarholtsvegi. Í aðalskipulagi Flóahrepps liggur reiðvegurinn sunnan megin við veginn en óskað er eftir því að færa reiðveginn þannig að hann liggja norðan megin.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við breytta legu á reiðvegi meðfram Önundarholtsvegi og vísar erindinu til endurskoðunar aðalskipulags sveitarfélagsins sem nú stendur yfir.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

4) Reglur um úthlutun lóða í Flóahreppi

Fyrir liggja reglur um úthlutun lóða í Flóahreppi.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að staðfestingargjald í 13. grein reglnanna verði 250.000 kr fyrir hverja íbúð og 1.000.000 kr fyrir atvinnuhúsnæði. Sveitarstjórn samþykkir að við 16. grein bætist texti um að öllum teikningum vegna byggingar skuli skilað til byggingafulltrúa innan 12 mánaða frá lóðaúthlutun og framkvæmdir hafnar innan 18 mánaða frá úthlutun lóðar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

5) Áhaldahús í Heiðargerði 1

Fyrir liggur samanburður á mismunandi möguleikum vegna áhaldahúss.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að reist verði 240 fermetra áhaldahús í Heiðargerði 1 frá H.Hauksson. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram ásamt Pálma Þormóðssyni sem verður byggingarstjóri á verknu. Stefnt er að því að áhaldahús verði risið í lok sumars 2026.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

6) Viðbygging við Flóaskóla

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að ganga til samninga við Feril til að sjá um jarðvinnu- og burðarþolshönnun, lagnahönnun og raflagnahönnun vegna viðbyggingar við Flóaskóla.

Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram ásamt Pálma Þormóðssyni sem er byggingarstjóri.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

7) Fundargerðir

a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 338, dags. 07.04.2026

b) Framkvæmda- og veitunefndar nr. 40, dags. 08.04.2026

c) Stjórnar Brunavarna Árnassýslu nr. 34, dags. 20.03.2026 og nr. 35, dags. 07.04.2026 ásamt ársreikningi 2025

d) Stjórnar SASS nr. 634, dags. 06.03.2026 og nr. 635, dags. 10.04.2026

- e) Stjórnar byggðasamlags UTU nr. 134, dags. 09.04.2026
- f) Stjórnar Bergrisans bs nr. 92, dags. 23.03.2026 ásamt ársreikningi 2025

8) Efni til kynningar

- a) Umsagnir Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum um drög að breytingu á reglugerð um framkvæmd raforkulaga og breytinga á raforkulögum (verkefni Raforkueftirlitsins)
- b) Aðalfundarboð Landskerfis Bókasafna hf. 2026 ásamt samþykktum og ársreikningi 2025
- c) Ársreikningur Almannaþingar Árnessýslu 2025
- d) Næsti fundur sveitarstjórnar verður 5. maí kl. 17:00.

9) Trúnaðarmál

Fært í trúnaðarmálabók.

Árni Eiríksson (sign)

Walter Fannar Kristjánsson (sign)

Hjalti Guðmundsson (sign)

Hulda Kristjánsdóttir (sign)

Harpa Magnúsdóttir (sign)